

# Leiðbeiningar við andlát

Umönnun látinna og stuðningur við aðstandendur

Endurskoðuð útgáfa 2008



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
*Directorate of Health*

---

**Útgefandi: Landlæknisembættið 2008**

1. útgáfa: Landlæknisembættið og Héraðslæknisembættið í Reykjavík, 1999.  
Höfundar: Bryndís Konráðsdóttir hjúkrunarfræðingur, Erna Haraldsdóttir hjúkrunarfræðingur,  
Lúðvík Ólafsson héraðslæknir, Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur.

2. útgáfa, endurskoðuð: Landlæknisembættið 2008.  
Endurskoðun textans: Arndís Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Ragnheiður Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, Sigríður Egilsdóttir  
hjúkrunarfræðingur og Þorbjörg Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðingur, sem einnig samdi kaflann um andlát einstaklinga af erlendum  
uppruna.

## Efnisyfirlit

### Leiðbeiningar við andlát

	<b>Bls.</b>
<b>Umönnun látinna og stuðningur við aðstandendur</b> .....	4
<b>Andlát á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum</b> .....	5
<i>Umbúnaður</i> .....	5
<i>Umhverfi</i> .....	6
<i>Stuðningur við aðstandendur</i> .....	7
<i>Bænastund</i> .....	7
<i>Eigur hins látna</i> .....	7
<i>Upplýsingar til aðstandenda</i> .....	7
<i>Skráning</i> .....	8
<i>Krufning</i> .....	8
<i>Flutningur hins látna</i> .....	9
<i>Flutningur látinna milli landa</i> .....	9
<b>Andlát í heimahúsum</b> .....	10
<i>Stuðningur við aðstandendur</i> .....	10
<i>Umönnun látinna og umbúnaður í heimahúsum</i> .....	11
<i>Krufning</i> .....	11
<i>Flutningur</i> .....	11
<i>Flutningur látinna milli landa</i> .....	12
<b>Andlát einstaklinga af erlendum uppruna</b>	
Múslimar .....	13
Einstaklingar frá Asíu .....	18
Gyðingar .....	23

## Umönnun látinna og stuðningur við aðstandendur

Við andlát ættingja og vina verða alltaf þáttaskil sem marka spor í líf fólks. Ástvinamissi fylgir sorg og söknuður og stuðningur við aðstandendur við andlát getur skipt sköpum um framhald sorgarferils þeirra.

Andlát getur borið að með mismunandi hætti. Stundum hefur aðdragandi verið langur og tími gefist til undirbúnings eins og við langvarandi veikindi. Hins vegar getur andlát borið brátt að, svo sem við slys, sjálfsvíg eða skyndidauða. Því ræðst stuðningur við aðstandendur hins látna af aðstæðum hverju sinni, en þó er mikilvægt að fylgja ákveðnum grundvallarreglum.

Viðbrögð við ástvinamissi eru mismunandi og einstaklingsbundin og fara oft eftir aðdraganda andlátsins. Mikilvægt er að hafa í huga og þekkja þau viðbrögð sem aðstandendur geta sýnt. Gæta þarf sérstaklega að þörfum barna, að þeim sé sýndur skilningur og veittur stuðningur og tillit tekið til aldurs þeirra, þroska og aðstæðna.

Oft gilda sömu reglur við umönnun látinna einstaklinga af erlendum uppruna og þær sem gilda jafnan hér á landi. Til að mæta þörfum og væntingum skjólstæðinga frá ýmsum menningarheimum, er nauðsynlegt fyrir heilbrigðisstarfsfólk að vera sér meðvitað um mismunandi menningar- og trúartengda þætti, þó ekki sé nema að litlu leyti. Við endurskoðun þessara leiðbeininga hefur verið bætt við upplýsingum um þætti er tengjast menningu, lífsháttum og trúarhefðum múslima, gyðinga og einstaklinga frá löndum Asíu. Hafa ber í huga að þær upplýsingar er lúta að fólki af erlendum uppruna eru á engan hátt tæmandi og því skal alltaf forðast að alhæfa heldur taka mið af einstaklingnum og sérstökum aðstæðum hans.

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar til upplýsinga og stuðnings þegar andlát ber að. Ráðlegt er að hver heilbrigðisstofnun, deild eða eining hafi sínar sérstöku reglur til frekari stuðnings.

## Andlát á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum

Þegar andlát verður á sjúkradeildum, hjúkrunarheimilum eða öðrum heilbrigðisstofnunum eru það oft hjúkrunarfræðingar sem úrskurða andlátíð og ber þeim að hafa strax samband við vakthafandi lækni sem staðfestir andlátíð og gefur út dánarvottorð. Á þeim stofnunum þar sem ekki eru starfandi læknar skal hafa samband við viðkomandi heilsugæslulækni.

Oft eru aðstandendur viðstaddir andlátíð en ef ekki skal læknir eða hjúkrunarfræðingur hafa samband við þá hið fyrsta.

Ef andlát ber að með öðrum hætti en að ofan greinir er vísað í [dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 3/2005](#) og [nr. 4/2005](#).

### *Umbúnaður*

Umbúnaður hins látna er mikilvægt skref í sorgarferlinu. Hugsanlega vilja aðstandendur vera með í umbúnaði ástvinar síns og ber að virða það. Ef einhver vafaatriði eru varðandi útlit hins látna eða tilhögun á umhverfi skulu aðstandendur spurðir hvers þeir óska.

Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga við umbúnað hins látna:

- Allar slöngur, nálar og aðrir aðskotahlutir fjarlægðir.
- Líkaminn réttur af.
- Skartgripir fjarlægðir.
- Hinum látna er þvegið á venjulegan hátt, hár greitt og þvegið ef þarf, karlmenn rakaðir og konur snyrtar í samráði við aðstandendur.
- Hreinar umbúðir settar yfir stómúr og sár og þess gætt að ekki leki úr sári.
- Munnur hreinsaður, gervitennur festar.
- Augum lokað, rök bómull sett yfir ef þarf.
- Bómull er sett í endaparm með tunguspaða, fyrst vatnssækin hvít bómull og síðan vatnsfælin gul. Bleiustykki og netbuxur yfir.

- Hinn látni er klæddur í skyrtu. Sumar stofnanir hafa látið sauma skyrtur sem eru opnar að aftan.
- Börn eru oftast klædd í eigin föt eftir óskum foreldra.
- Leitast skal við að hafa munnsvip eins eðlilegan og frekast er unnt. Hálskragi settur ef þörf er á að festa upp kjálka. Sumar stofnanir hafa látið útbúa hálskraga úr þykkum svampi.
- Leggja hendur þannig að hægt sé að snerta þær.
- Hreint lín sett á rúmið, einn koddur undir höfði og sæng er höfð yfir hinum látna meðan aðstandendur eru inni. Hækka má höfðagafli örlítið.
- Klæða hinn látna í sokka, setja merkispjald á ökkla ofan í sokkinn. Þar komi fram nafn og kennitala.
- Þegar flutningur á sér stað er hinn látni vafinn í hvítt lak, sem fest er saman að framan með hvítum breiðum bréflástri. Merkispjald með nafni og kennitölu hins látna er fest á lakið.
- Sjálfsagt er að nota einnota hanska og gæta fyllsta hreinlætis.
- Ef hinn látni var haldinn smitnæmum sjúkdómi gilda áfram sömu varúðarreglur við og eftir andlát eins og meðan hann var á lífi. Ef krufning á að fara fram þurfa upplýsingar um smithættu að fylgja með. Tryggja ber að þeir sem flytja hinn látna fái einnig sömu upplýsingar.

### ***Umhverfi***

Miklu máli skiptir að umhverfi hins látna sé hlýlegt og snyrtilegt.

- Fjarlægja hjúkrunarvörur, tæki og aðra aukahluti úr herberginu, svo sem hjólastóla, vökvastanda og vökvadælur ef um slíkt er að ræða.
- Gluggar opnaðir, slökkt á ofnum, ljós látið loga.
- Dúkur settur á náttborð og ef til vill blóm, sálmabók, Nýja testamentið eða persónulegir munir ef við á.

Æskilegt er að hver stofnun, deild eða eining eigi sérstaka hluti til þessara nota.

### **Stuðningur/samskipti við aðstandendur**

Í sorgarferlinu getur skipt miklu máli að aðstandendur fái tækifæri til að vera með hinum látna fyrst eftir andlát. Mikilvægt er að virða óskir aðstandenda og koma til móts við þær eftir því sem hægt er.

- Veita aðstandendum nægan tíma til að vera með hinum látna.
- Kanna hvort þeir óska eftir að hafa starfsmann deildar með sér inni hjá hinum látna.
- Taka tillit til þarfa/óska aðstandenda, svo sem að snerta hinn látna og vera í einrúmi.
- Virða sérstakar þarfir barna og huga að möguleikum þeirra á að taka þátt í kveðjustund við dánarbeið.
- Virða ákvörðun aðstandenda sem ekki vilja sjá látinn ástvin.

### **Bænastund**

- Prestar/djónnar sem starfandi eru á stofnunum hafa oft tengst sjúklingum eða vistmönnum sem og aðstandendum þeirra vel.
- Mörgum er mikilvægt að bænastund sé haldin við dánarbeið þegar ástvinur er kvaddur. Því skal prestur/djónni eða forstöðumaður trúfélags viðkomandi kallaður til sé þess óskað.
- Óski aðstandendur hins vegar ekki eftir því að sérstök kveðjustund sé við dánarbeið ber að virða það.

### **Eigur hins látna**

- Gengið skal vel frá eigum hins látna og þær afhentar aðstandendum. Sumar heilbrigðisstofnanir hafa útbúið sérstaka þar til gerða poka og áhersla er lögð á að nota þá.

### **Upplýsingar til aðstandenda**

- Upplýsið aðstandendur um að leita til prests/presta viðkomandi sóknarkirkju eða forstöðumanns trúfélags viðkomandi.

- Upplýsið aðstandendur um að þeir geti látið skartgrip, til dæmis hringa eða aðra persónulega muni fylgja hinum látna í samráði við útfararstjóra.
- Útfararstjórar og prestar leiðbeina aðstandendum með næstu skref svo sem kistulagningu og útför.
- Upplýsið aðstandendur um hvert hinn látni verður fluttur.
- Afhendið aðstandendum skriflegar upplýsingar um hvar og hvenær þeir mega sækja dánarvottorð. Dánarvottorði ber að skila til sýslumanns sem gefur út greftrunarleyfi.
- Upplýsið aðstandendur um að þeir geti ávallt leitað til viðkomandi deildar/stofnunar ef einhverjar spurningar vakna.

### ***Skráning***

- Skráið í sjúkraskrá aðdraganda andláts sjúklings og tíma andláts samkvæmt reglum hveurrar stofnunar.
- Útfyllið viðeigandi eyðublöð um tilkynningu andláts.
- Skráið upplýsingar sem aðstandendum eru gefnar.
- Skráið eigur sem aðstandendum eru afhentar og þeir kvitta fyrir móttöku ef um verðmætar eigur er að ræða. Látið blaðið fylgja sjúkraskrá hins látna.
- Sá sem sækir dánarvottorðið þarf að kvitta fyrir móttöku þess.

### ***Krufning***

- Í sumum tilvikum er krufning æskileg af lækni-fræðilegum ástæðum. Í slíkum tilvikum skal reynt að taka tillit til óska hins látna ef þær eru þekktar, ella skal leita samþykkis aðstandenda.
- Við sérstakar aðstæður til dæmis voveiflegt andlát gera lög ráð fyrir krufningu. Útskýrið þá fyrir aðstandendum nauðsyn krufningar á nærfærnislegan hátt. Sjá [dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 3/2005](#).
- Aðstandendur geta óskað eftir krufningu ef þeir telja ástæðu til frekari skýringa á andláti.



### ***Flutningur hins látna***

- Tryggja þarf að aðstandendur hafi fengið nægan tíma með hinum látna áður en flutningur á sér stað frá deild/stofnun.
- Æskilegt er að flutningur eigi sér stað þegar fáir eru á ferli, svo sem seint á kvöldin eða á nóttunni.
- Ávallt skal sýna virðingu og nærgætni við flutning látinna.
- Hafa ber í huga að í mörgum tilfellum er hægt að fá flutning beint til útfararstofu, ef ekki er þörf á krufningu.

### ***Flutningur látinna milli landa***

Um flutning látinna milli landa gildir reglugerð nr. 115/1971 og sérstakar reglur flugfélaga. Útfararstofur gefa upplýsingar um slíka flutninga.

## Andlát í heimahúsum

Andlát í heimahúsum getur borið að með mismunandi hætti.

- Ef um veikindi hefur verið að ræða og sjúkrasaga er ljós getur heilsugæslulæknir gefið út dánarvottorð eða haft samband við lækni sjúklings.
- Ef hinn látni hefur fengið líknandi meðferð á heimili sínu, ber viðkomandi lækni að staðfesta andlát og gefa út dánarvottorð. Í sumum tilfellum sjá hjúkrunarfræðingar viðkomandi þjónustu um umbúnað hins látna í samvinnu við aðstandendur.
- Útfararstjórar eru oft reiðubúnir að aðstoða við umbúnað látinna í heimahúsum sé þess óskað.
- Þar sem ekki er vitað um aðdraganda andláts eða ef andlátið hefur borið að með voveiflegum hætti þarf embætti lögreglu að rannsaka vettvang og réttarkröfning að eiga sér stað. Nauðsynlegt er að það sé útskýrt fyrir aðstandendum. Sjá [dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 4/2005](#).
- Þegar andlát hefur verið staðfest og nauðsynlegum rannsóknum lækni og lögreglu lýkur á vettvangi getur lögregla heimilað að búið sé um hinn látna heima.
- Æskilegt er að kalla til prest, svo sem sóknarprest, sjúkrahúsprest eða forstöðumann trúfélags viðkomandi í samráði við aðstandendur. Það er á hendi lögreglu, sé hún á vettvangi, annars viðkomandi lækni.

## Stuðningur við aðstandendur

Mikilvægt er að sýna aðstandendum tillitssemi og nærfærni.

- Æskilegt er að aðstandendur geti haft hinn látna á heimilinu eins lengi og þeir óska og aðstæður leyfa. Sólarhringur er sá tími sem oft er miðað við.
- Virða sérstakar þarfir barna og huga að möguleikum þeirra á að taka þátt í kveðjustund við dánarbeð.
- Bænastundir í heimahúsum eru mörgum aðstandendum mikilvægar hvort sem hinn látni er enn á heimilinu eða ekki.
- Leiðbeina ber aðstandendum með næstu skref, svo sem að hafa samband við útfararstjóra eða prest.
- Þeir sem koma á vettvang skulu kynna sig fyrir aðstandendum og hafa tiltæk skilríki.

- Afhendið aðstandendum skriflegar upplýsingar um hvert og hvenær þeir eiga að sækja dánarvottorð.

### ***Umönnun látinna og umbúnaður í heimahúsum***

- Umbúnaður hins látna er eins og lýst er í kaflanum hér að framan um umbúnað (bls.5) að því frátöldu að hinn látni er ekki vafinn í lak.
- Klæðnaður er eftir óskum aðstandenda, ýmist náttföt, léttur klæðnaður eða jafnvel spariföt. Í sumum tilvikum hefur hinn látni ákveðið sjálfur klæðnaðinn.
- Á útfararstofum er hægt að fá þar til gerðan klæðnað ef þess er óskað.
- Fjarlægja hjúkrunarvörur, tæki og aðra aukahluti úr herberginu, svo sem hjólastóla, vökvastanda og vökvadælur ef um slíkt er að ræða.
- Umhverfi er haft snyrtilegt og hlýlegt, kveikt á kertum. Blóm ef til vill sett á náttborð og sálmabók, Nýja testamentið eða persónulegir munir ef við á.

### ***Krufning***

- Í sumum tilvikum er krufning æskileg af læknisfræðilegum ástæðum. Í slíkum tilvikum skal reynt að taka tillit til óska hins látna ef þær eru þekktar, ella skal leita samþykkis aðstandenda.
- Við sérstakar aðstæður til dæmis voveiflegt andlát gera lög ráð fyrir krufningu. Útskýrið þá fyrir aðstandendum nauðsyn krufningar á nærfærnislegan hátt. Sjá [dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 3/2005](#).
- Aðstandendur geta óskað eftir krufningu ef þeir telja ástæðu til frekari skýringa á andláti.

### ***Flutningur***

- Útskýra fyrir aðstandendum hvert hinn látni verður fluttur.
- Útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu sjá um flutning frá heimili.
- Flutningur frá heimili utan höfuðborgarsvæðis fer eftir venjum á hverjum stað.
- Hinn látni er fluttur á sjúkrahöllum og ber að sýna nærgætni og virðingu.

Hvað varðar andlát utan stofnana eða heimila er vísað í [dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 3/2005](#) og [nr. 4/2005](#)

***Flutningur látinna milli landa***

Um flutning látinna milli landa gildir reglugerð nr. 115/1971 og sérstakar reglur flugfélaga. Útfararstofur gefa upplýsingar um slíka flutninga.

## **Andlát einstaklinga af erlendum uppruna**

### **Múslimar**

Múslimar leggja mikla áherslu á aðskilnað kynjanna og á það einnig við í samskiptum innan heilbrigðiskerfisins þannig að æskilegt er að inngríp og umönnun sé á höndum einstaklinga af sama kyni. Ein helsta dyggð þeirra sem aðhyllast islam er að gæta velsæmis og sýna hógværð. Þetta er múslimum afar mikilvægt og eru þeir sérstaklega viðkvæmir gagnvart eigin nekt og annarra og ber að hafa það í huga við umönnun og umbúnað við andlát.

### **Umbúnaður**

Fylgt er í meginráttum leiðbeiningum hér að framan (bls.5) en að auki getur verið gagnlegt að hafa eftirfarandi í huga:

- Mikilvægt er að umönnun við andlát sé í höndum einstaklinga af sama kyni. Þó mega hjón þvo maka sínum og konur mega þvo drengjum sem ekki hafa náð kynþroska. Meginreglan er sú að líkami karlmanns er þveginn og undirbúinn fyrir greftrun af karlmönnum og líkami konu að sama skapi af konum. Algengt er að vinir eða ættingjar sjái um umönnun við andlát en verði því ekki viðkomið er mikilvægt að heilbrigðisstarfsfólk virði þennan aðskilnað sé þess nokkur kostur.
- Ekki er öðrum en múslimum ætlað að snerta lík með berum höndum og því nauðsynlegt að nota hanska eins og venja er.
- Við andlát er höfuð hins látna lagt til hliðar út á hægri öxl.
- Lak er lagt yfir hinn látna þar til honum er þvegið, af ættingjum, vinum eða meðlimum úr samfélagi múslima, annars af heilbrigðisstarfsfólki af sama kyni og hinn látni, ef því verður viðkomið.
- Hinn látni er síðan sveipaður laki eða klæddur í sérstök klæði sem hylja allan líkamann, andlitið líka og er hann síðan lagður á hægri hlið og snúið mót Mekka (í suð-austur).

### **Umhverfi**

Fylgja skal leiðbeiningum hér að framan (bls. 6), en auk þess er rétt að huga að eftirfarandi:

- Gera verður ráð fyrir að nákomnir geti veri hjá hinum deyjandi og að þeir fái rými til bæna ef óskað er.
- Æskilegt er að handlaug sé á sjúkrastofu og/eða gott aðgengi að salerni vegna hreinlætisákvæða fyrir bænir sem venju samkvæmt eru fimm sinnum á dag.
- Tryggja þarf næði.
- Ekki er við hæfi að setja kristin trúartákn, sálmaþók eða Nýja testamentið á náttborð hins látna, heldur Kóraninn eða persónulega muni eftir því sem við á.

### ***Stuðningur/samskipti við aðstandendur***

- Múslimar sýna oftast mikla ögun frammi fyrir eigin dauða og flíka ekki tilfinningum sínum. Hins vegar sýna þeir sorgarviðbrögð á opinskán hátt með gráti.
- Náin snerting tíðkast ekki, sér í lagi snerting einstaklinga af gagnstæðu kyni, nema milli hjóna. Kona upplifir að hún verði „óhrein“ sé hún snert af karlmanni öðrum en eiginmanni sínum þar með talið karlkyns lækni og finnst það niðurlægjandi. Heilbrigðisstarfsfólk ætti að hafa í huga að handaband eða faðmlag er óviðeigandi þegar sýnd er hluttekning.

### ***Bænastund***

- Trúarleiðtogi, fjölskyldumeðlimir eða vinir sjá um að fara með þær bænir og blessunarorð sem eru viðeigandi.
- Hinum látna er snúið þannig að andlit hans snýr mót Mekka (í suð-austur).

### ***Eigur hins látna***

Ganga skal vel frá eigum hins látna og afhenda aðstandendum. Sumar heilbrigðisstofnanir hafa útbúið þar til gerða poka og skal lögð áhersla á að nota þá.

### ***Upplýsingar til aðstandenda***

- Veitið aðstandendum upplýsingar um útfararstofur. Útfararstofur sjá um og hafa reynslu af að undirbúa útför einstaklinga af mismunandi trúarbrögðum.
- Upplýsið aðstandendur um hvert hinn látni verður fluttur.

- Afhendið aðstandendum skriflegar upplýsingar um hvar og hvenær þeir mega sækja dánarvottorð. Dánarvottorði ber að skila til sýslumanns sem gefur út greftrunarleyfi.
- Upplýsið aðstandendur um að þeir geti ávallt leitað til viðkomandi deildar/stofnunar ef einhverjar spurningar vakna.

### ***Skráning***

- Skráið í sjúkraskrá aðdraganda andláts sjúklings og tíma andláts samkvæmt reglum hverrar stofnunar.
- Útfyllið viðeigandi eyðublöð um tilkynningu andláts.
- Skráið upplýsingar sem aðstandendum eru gefnar.
- Skráið eigur sem aðstandendum eru afhentar og þeir kvitta fyrir móttöku ef um verðmætar eigur er að ræða. Látið blaðið fylgja sjúkraskrá hins látna.
- Sá sem sækir dánarvottorðið þarf að kvitta fyrir móttöku þess.

### ***Krufning***

- Múslimar eru mótfallnir krufningu nema sérstakar ástæður liggi að baki, svo sem af réttarlæknisfræðilegum og /eða af mikilvægum læknisfræðilegum ástæðum.
- Í sumum tilvikum er krufning æskileg af læknisfræðilegum ástæðum. Í slíkum tilvikum skal reynt að taka tillit til óska hins látna ef þær eru þekktar, ella skal leita samþykkis aðstandenda.
- Við sérstakar aðstæður, til dæmis við voveiflegt andlát, gera lög ráð fyrir krufningu. Ef málum er þannig háttað þarf að útskýra fyrir aðstandendum á nærfærnislegan hátt nauðsyn krufningar. Sjá [dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 3/2005](#).
- Aðstandendur geta óskað eftir krufningu ef þeir telja ástæðu til frekari skýringa á andláti.

### ***Flutningur hins látna***

- Tryggja þarf að aðstandendur hafi fengið nægan tíma með hinum látna áður en flutningur á sér stað frá deild/stofnun.

- Æskilegt er að flutningur eigi sér stað þegar fáir eru á ferli, til dæmis seint á kvöldin eða á nóttunni.
- Ávallt skal sýna virðingu og nærgætni við flutning látinna.
- Ef krufning fer ekki fram kunna ættingjar og/eða vinir að óska eftir að hinn látni verði fluttur sem fyrst til útfararstofu.

### *Flutningur látinna milli landa*

Um flutning látinna milli landa gildir reglugerð nr. 115/1971 og sérstakar reglur flugfélaga. Útfararstofur gefa upplýsingar um slíka flutninga.

### *Annað*

- **Ef þess er nokkur kostur skal alltaf kalla til túlk ef um minnstu tungu- málaörðugleika er að ræða, hvort sem andlát á sér stað á sjúkrastofnun, dvalarheimili eða í heimahúsi.**
- Útför getur farið fram í mosku, kirkju, safnaðarheimili eða öðrum samkomustöðum og eru þá gerðar viðeigandi ráðstafanir. Útförin sjálf er í höndum trúbræðra.
- Venjan er sú að vakað er yfir kistunni þar til útför fer fram og er það í samráði við útfararstofur. Útför fer að jafnaði fram á fyrsta eða öðrum sólarhringi eftir andlát nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.
- Sérstakur grafreitur er fyrir múslima í Grafarvogskirkjugarði.
- Samkvæmt islam fer ekki fram bálför.

Ekki er venja að konur mæti við útfarir.



## Umönnun einstaklinga frá Asíu

Trúarviðhorf einstaklinga frá löndum Asíu geta verið blönduð heimspekistefnum, svo sem kenningum Konfúsíusar, taóisma með trúarlegu ívafi (búddatrú, kristni, islam, hindúisma) en ekki síst forfeðradýrkun og er ekki alltaf skýrt hvar eitt viðhorf endar og annað tekur við. Það er mikilvægt í trúararfleifðinni að allt fari rétt fram samkvæmt ákveðnum hefðum við andlát og jarðaför. Hafa ber í huga að oft er hægt að mæta óskum þess látna eða aðstandenda þó þær kunni að vera frábrugðnar því sem tíðkast hér á landi við sömu aðstæður. Mikilvægt er að sýna nærgætni og gefa sér góðan tíma. Ganga þarf úr skugga um að aðstandendur skilji það ferli sem í hönd fer. Varast ber að alhæfa nokkuð en gott getur verið að hafa eftirfarandi í huga þegar umönnun er veitt einstaklingum frá Austur-Asíu.

## Umbúnaður

Fylgt er í meginráttum leiðbeiningum hér að framan (bls. 5) en að auki er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Aðstandendur getu óskað eftir að fá að þvo hinum látna með sérstakri vatnsblöndu sem álitin er innihalda verndandi anda. Þvotturinn kann að vera endurtekinn ef talin er þörf á aukinni vernd andanna.
- Varast ber að snerta efsta hluta höfuðsins að óþörfu þar sem það er álitid heilagt.
- Eftir andlátið kunna aðstandendur að óska eftir að hinn látni sé færður í föt, jafnvel skó og höfuðfat sem aðstandendur eða hinn látni hefur valið fyrir andlátið. Þegar búið er að klæða hinn látna eru ökkjar hans bundnir létt saman til að halda illum öndum frá.

Hinn látni er lagður til svo ættingjar og vinir geti vottað honum virðingu sína, meðal annars með því að færa honum gjafir (t.d. pappírslóm eða annað smálegt) sem fylgja með í gröfina.

## Umhverfi

Fylgja skal leiðbeiningum um umhverfi hér að framan (bls. 6) en einnig að taka tillit til sérstakra óska ef mögulegt er.

- Víða í Asíu er forfeðradýrkun rík í arfleifðinni og eru forfeðrunum færðar fórnir, ekki síst þegar um er að ræða veikindi eða við andlát. Aðstandendur útbúa kannski lítil altari (nota t.d. náttborðið) í umhverfi sjúklingsins þar sem forfeðrunum eru

færðar fórnir með því að leggja á það ýmsan mat, einkum ávexti eða hrísgrjón en einnig blóm, olíur, reykelsi er brennt og kerti látin loga ef aðstæður leyfa.

- Gjarnan má nota kristin trúartákn til að gera umhverfið hlýlegra eftir því sem við á. Athuga ber að margir einstaklingar frá Asíu er kristnir einkum þeir sem koma frá Filippseyjum.

### ***Stuðningur/samskipti við aðstandendur***

Fylgja skal leiðbeiningum hér að framan (bls. 7) en auk þess getur verið gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Ekki er alltaf hægt að meta líðan einstaklinga af framkomu þeirra. Arfleifðin felur í sér hógværd og allt að því undirgefni gagnvart þeim sem álitnir eru æðra settir og getur það einnig átt við um samskipti við heilbrigðisstarfsfólk. Í sumum samfélögum þykir ókurteisi að horfa beint í augu þess sem talað er við, einkum ef viðmælandinn er álitinn hærra settur í þjóðfélagsstiganum. Einstaklingar geta því gefið til kynna með höfuðhneigingu eða brosi að þeir skilji það sem við þá er sagt af einskærri kurteisi þó önnur sé raunin. Því skal ávallt kalla til túlk ef minnstu tungumálaerfiðleikar eru til staðar.
- Fjölskyldutengsl eru sterk og áberandi mikil virðing ríkir fyrir þeim sem eru eldri eða „æðri“.
- Faðmlag eða að heilsa ættingjum með handabandi er ekki viðtekin venja. Einstaklingar geta upplifað einfalda athöfn eins og léttu stroku um höfuð eða andlit sem vanvirðingu við sig.

### ***Bænastund***

- Farið er með bæn og blessunarorð við dánarbed í samráði við aðstandendur.

### ***Eigur hins látna***

- Ganga skal vel frá eigum hins látna og afhenda aðstandendum. Sumar heilbrigðisstofnanir hafa útbúið þar til gerða poka og skal lögð áhersla á að nota þá.

### ***Upplýsingar til aðstandenda***

- Veitið aðstandendum upplýsingar um útfararstofur. Útfararstofur sjá um og hafa reynslu af að undirbúa útför einstaklinga af mismunandi trúarbrögðum.

- Upplýsið aðstandendur um hvert hinn látni verður fluttur.
- Afhendið aðstandendum skriflegar upplýsingar um hvar og hvenær þeir mega sækja dánarvottorð. Dánarvottorðinu ber að skila til sýslumanns sem gefur út greftrunarleyfi.
- Upplýsið aðstandendur um að þeir geti ávallt leitað til viðkomandi deildar/stofnunar ef einhverjar spurningar vakna.

### ***Skráning***

- Skráið í sjúkraskrá aðdraganda andláts sjúklings og tíma andláts samkvæmt reglum hvernar stofnunar.
- Útfyllið viðeigandi eyðublöð um tilkynningu andláts.
- Skráið upplýsingar sem aðstandendum eru gefnar.
- Skráið eigur sem aðstandendum eru afhentar og þeir kvitta fyrir móttöku ef um verðmætar eigur er að ræða. Látið blaðið fylgja sjúkraskrá hins látna.
- Sá sem sækir dánarvottorðið þarf að kvitta fyrir móttöku þess.

### ***Krufning***

- Algengt er að fólk frá þessum landsvæðum sé mótfallið krufningu þar sem hún er í andstöðu við trúarviðhorf þess, nema hún sé álitin nauðsynleg, til dæmis af réttarlæknisfræðilegum orsökum.
- Í sumum tilvikum er krufning æskileg af læknisfræðilegum ástæðum. Í slíkum tilvikum skal reynt að taka tillit til óska hins látna ef þær eru þekktar, ella skal leita samþykkis aðstandenda.
- Við sérstakar aðstæður, til dæmis við voveiflegt andlát, gera lög ráð fyrir krufningu. Útskýrið þá fyrir aðstandendum á nærfærnislegan hátt nauðsyn krufningar. Kalla þarf til túlk ef um er að ræða minnstu tungumálaerfiðleika. Sjá [dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 3/2005](#).
- Aðstandendur geta óskað eftir krufningu ef þeir telja ástæðu til frekari skýringa á andláti.

### ***Flutningur hins látna***

- Tryggja þarf að aðstandendur hafi fengið nægan tíma með hinum látna áður en flutningur á sér stað frá deild/stofnun.
- Æskilegt er að flutningur eigi sér stað þegar fáir eru á ferli, svo sem seint á kvöldin eða á nóttunni.
- Ávallt skal sýna virðingu og nærgætni við flutning látinna.
- Ef krufning fer ekki fram kunna ættingjar og/eða vinir að óska eftir að hinn látni verði fluttur sem fyrst til útfararstofu.

### *Flutningur látinna milli landa*

Um flutning látinna milli landa gildir reglugerð nr. 115/1971 og sérstakar reglur flugfélaga. Útfararstofur gefa upplýsingar um slíka flutninga.

### *Annað*

- **Ef þess er nokkur kostur skal alltaf kalla til túlk ef um minnstu tungu- málaörðugleika er að ræða, hvort sem andlát á sér stað á sjúkrastofnun, dvalarheimili eða í heimahúsi.**
- Útför getur farið fram í kirkju, safnaðarheimili eða öðrum samkomustöðum og eru þá gerðar viðeigandi ráðstafanir.
- Venjulega fer fram bálför.

## Gyðingar

Við umönnun sjúkra og deyjandi gyðinga er ekki venjan að gera sérstakar ráðstafanir aðrar en þær sem gilda jafnan við slíkar aðstæður á sjúkrahúsum eða í heimahúsum. Þó verður að hafa í huga að nokkur munur er á viðhorfum strangtrúaðra gyðinga og þeirra sem frjálsglegri eru. Sérstakar óskir sem tengjast menningar- eða trúarhefðum gætu komið fram. Mikil áhersla er lögð á að sjúklingurinn sé ekki einn á dánarstundu og ætti heilbrigðisstarfsfólk að vera meðvitað um það. Strangtrúaðir virða hvíldardaginn til fullnustu og eigi andlát sér stað frá sólarlagi á föstudagskvöldi til sólarlags á laugardegi er öll umönnun í höndum heilbrigðisstarfsfólk annars er líklegt að aðstandendur vilji taka þátt í umönnuninni.

## Umbúnaður

Fylgt er í meginráttum leiðbeiningum hér að framan (bls. 5) en að auki er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Samkvæmt hefðinni er talið æskilegt að ættingjar eða einstaklingar úr samfélagi gyðinga sjái um umönnun eftir andlát. Ef því verður ekki við komið er umönnun í höndum heilbrigðisstarfsmanna.
- Þegar andlát hefur átt sér stað eru nokkrar mínútur (10 mín) látnar líða áður en snert er við hinum látna. Oft sjá aðstandendur um að loka augum og munn og leggja hendur hins látna niður með hliðum og rétta úr fótum. Ef svo er ekki eða þeir eru ekki viðstaddir sér heilbrigðisstarfsfólk um það.
- Hugsanlegt er að ættingjar vilji taka þátt í umbúnaðinum, einkum ef þeir eru gyðingatrúar. Annars er umbúnaður hefðbundinn.

## Umhverfi

Fylgja skal leiðbeiningum um umhverfi hér að framan (bls. 6) en einnig taka tillit til sérstakra óska ef mögulegt er.

- Það er ekki við hæfi að setja kristin trúartákn eða Nýja testamentið á náttborð heldur einungis kerti, blóm og/eða persónulega muni.
- Gyðingum er mjög mikilvægt að einhver sé hjá hinum deyjandi, bæði við og eftir andlát. Því þarf að hafa það í huga meðan hinn látni er enn á deildinni að einhver sé við dánarbedinn ef því verður við komið. Algengt er að ættingjar og vinir skiptist á að vaka yfir hinum látna þar til hann er borinn til grafar. Ættingjar kveikja gjarnan á tveimur hvítum kertum (nota má hvít sprittkerti) og þau látin loga nærri höfðalagi hins látna ef þess er kostur.

### **Stuðningur/samskipti við aðstandendur**

- Oftast er aðskilnaður kynjanna ekki mikilvægur þegar lítur að samskiptum innan heilbrigðiskerfisins þannig að einstaklingar af gagnstæðu kyni geta framkvæmt inngrip og umönnun. Hins vegar gildir það almennt í samskiptum við gyðinga að óskyldur einstaklingur af gagnstæðu kyni snertir ekki viðkomandi þegar sýnd er hluttekning og ætti heilbrigðisstarfsfólk að hafa það í huga að handaband eða faðmlag kann að vera óviðeigandi. Strangtrúaðir karlmenn snerta ekki aðrar konur en eiginkonu, dætur og móður.

### **Bænastund**

- Helgistund við dánarbeð er í samráði við aðstandendur. Oftast fela heimsóknir ættingja og vina í sér trúarskyldur við sjúklinginn. Er þá gjarnan lesið úr helgiritum og farið með bænir.

### **Eigur hins látna**

- Ganga skal vel frá eigum hins látna og afhenda aðstandendum. Sumar heilbrigðisstofnanir hafa útbúið þar til gerða poka og skal lögð áhersla á að nota þá.

### **Upplýsingar til aðstandenda**

- Veitið aðstandendum upplýsingar um útfararstofur. Útfararstofur sjá um og hafa reynslu af að undirbúa útför einstaklinga af mismunandi trúarbrögðum.
- Upplýsið aðstandendur um hvert hinn látni verður fluttur.
- Afhendið aðstandendum skriflegar upplýsingar um hvar og hvenær þeir mega sækja dánarvottorð. Dánarvottorði ber að skila til sýslumanns sem gefur út greftrunarleyfi.
- Upplýsið aðstandendur um að þeir geti ávallt leitað til viðkomandi deildar/stofnunar ef einhverjar spurningar vakna.

### **Skráning**

- Skráið í sjúkraskrá aðdraganda andláts sjúklings og tíma andláts samkvæmt reglum hverrar stofnunar.
- Útfyllið viðeigandi eyðublöð um tilkynningu andláts.

- Skráið upplýsingar sem aðstandendum eru gefnar.
- Skráið eigur sem aðstandendum eru afhentar og þeir kvitta fyrir móttöku ef um verðmætar eigur er að ræða.
- Sá sem sækir dánarvottorðið þarf aðkvitta fyrir móttöku þess.

### **Krufning**

Afstaða til krufningar og líffæragjafa fer nokkuð eftir hversu strangtrúaðir gyðingar eru. En yfirleitt eru þeir mótfallnir krufningu. Til að krufning sé réttlætanleg þurfa sérstakar aðstæður að liggja fyrir, svo sem réttarlæknisfræðilegar eða að niðurstaða krufningar geti stuðlað að björgun mannlífa.

- Í sumum tilvikum er krufning æskileg af læknisfræðilegum ástæðum. Í slíkum tilvikum skal reynt að taka tillit til þess, ef óskir hins látna þar að lútandi eru þekktar, ella skal leita samþykkis aðstandenda.
- Við sérstakar aðstæður, til dæmis við voveiflegt andlát, gera lög ráð fyrir krufningu. Útskýrið þá fyrir aðstandendum á nærfærnislegan hátt nauðsyn krufningar. Sjá [dreifibréf Landlæknisembættisins nr. 3/2005](#).
- Aðstandendur geta óskað eftir krufningu ef þeir telja ástæðu til frekari skýringa á andláti.

### **Flutningur hins látna.**

- Tryggja þarf að aðstandendur hafi fengið nægan tíma með hinum látna áður en flutningur á sér stað frá deild/stofnun.
- Æskilegt er að flutningur eigi sér stað þegar fáir eru á ferli, svo sem seint á kvöldin eða á nóttunni.
- Ávallt skal sýna virðingu og nærgætni við flutning látinna.
- Ef krufning fer ekki fram kunna ættingjar og/eða vinir að óska eftir að hinn látni verði fluttur sem fyrst til útfararstofu.

### **Flutningur látinna milli landa**

Um flutning látinna milli landa gildir reglugerð nr. 115/1971 og sérstakar reglur flugfélaga. Útfararstofur gefa upplýsingar um slíka flutninga.

### *Annað*

- **Ef þess er nokkur kostur skal alltaf kalla til túlk ef um minnstu tungumálaerfiðleika er að ræða, hvort sem andlát á sér stað á sjúkrastofnun, dvalarheimili eða í heimahúsi.**
- Gyðingar hafa dreifst um allan heim og eru ekki bundnir einum kynþætti. Þeir eru því ekki einungis þjóð, heldur sambland af átrúnaði, þjóðerni og þjóð.
- Strangtrúaðir gyðingar virða hvíldardagsákvæðin til fullnustu.
- Útför fer venjulega fram innan skemmri tíma en við eigum að venjast, jafnvel innan sólarhrings frá andláti. Gyðingar þiggja þjónustu útfararstofa en sjá oftast sjálfir um útförina.
- Frjálsslyndir gyðingar leyfa bálför en strangtrúaðir eru henni mótfallnir.